


Hugsanlegt að lækka lyfjakostnað

Fréttabréf lyfjagæildar Tryggingastofnunar ríkisins (TR) hefur nú göngu sína og er stefnt að útgáfu þess nokkrum sinnum á ári. Leitast verður við að miðla fréttum um þróun lyfjanotkunar- og kostnaðar skv. fyrirbyggjandi upplýsingum hjá TR. Stuðst verður við upplýsingar úr tölfræðigagnagrunni TR sem byggir á afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda TR með rafrænum hætti. Þetta fyrsta fréttabréf fjallar um lyfjaútgjöld TR árið 2006.

Kostnaður vegna lyfja lækkaði árið 2005 en hækkaði aftur árið 2006. Þó þessar kostnaðarsveiflur skýrist að hluta til með gengisbreytingum, má einnig rekja aukin lyfjaútgjöld til aukinnar lyfjanotkunar. Greina má almenna aukningu í flestum lyfjaflokkum og í notkun nýrra og dýrari lyfja.



Mynd 1. Heildarkostnað TR í lyfjum í milljörðum kr.

Öll lyf sem skráð eru í Evrópusambandinu eru einnig skráð á Íslandi. Greiðsluþátttaka TR ákvarðast af Lyfjagreiðslunefnd og á TR einn fulltrúa í nefndinni.

Markaðsleyfishafi/umboðsaðili á Íslandi ber ábyrgð á því hvort sótt er um verð- og greiðsluþátttöku fyrir lyf sem hann hefur markaðsleyfi fyrir. TR tekur þátt í lyfjakostnaði samkvæmt reglugerð. Í lyfjaverðskrá koma fram upplýsingar hvort og hvernig lyfin eru niðurgreidd. Lyf geta verið O-merkt, E-merkt, B-merkt eða *-merkt í lyfjaverðskrá.

Lyf sem ástæða þykir til að stýra notkun á t.d. ný og/eða dýr lyf eða lyf sem hætta er á að verði misnotuð, eru oftast O-merkt í lyfjaverðskrá. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum eru gefin út lyfjaskirteini fyrir þessi lyf.

Vinnureglur um einstaklingsbundna greiðsluþátttöku má finna á heimasíðu TR:

<http://www.tr.is/heilbrigdisstarfsfolk/lyfjamal/vinnureglur-f-lyfjaskirteinis/>.

Kostnaðarmestu lyfjaflokkar TR eru tauga- og geðlyf 33%, hjarta- og æðasjúkdómalyf 20%, meltingar- og efnaskiptalyf 16% og öndunar-færalyf 10%, önnur lyf 21%.

Á síðasta ári var sérlyfið Nexium kostnaðarmesta lyfið fyrir TR og nam kostnaður 348 milljónum kr. Næst á eftir var Seretide Diskus sem kostaði 243 milljónir kr. og þriðja kostnaðarmesta lyfið er Zarator og var kostnaður þess 195 milljónir kr.



Mynd 2. Kostnaðarmestu sérlyfin hjá TR 2006.

Það er umhugsunarvert hvort hægt væri að lækka heildarkostnað ríkisins af lyfjum með notkun á öðrum lyfjum eða ódýrari samheitalyfjum.

Lyfjagæild Tryggingastofnunar tilheyrir sjúkratryggingasviði og sinnir málaflokkunum lyf, næring og sérfæði. Almanna-tryggingar taka þátt í lyfjakostnaði almennings og veita styrki vegna kaupa á næringu og sérfæði skv. tilteknum reglum. Ábyrgðarmenn fréttabréfs TR eru lyfjafæðingarnir Guðrún I. Gylfadóttir, deildarstjóri, Margrét R. Kristjánsdóttir og Sigurður Helgason, læknir.